

Nd.

676. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysaftryggingu sjómanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta frv. og mælir með því, að það verði samþykkt með breytingum þeim, er hér fara á eftir. Þó er einn nefndarmanna (GD) andvígur því að láta ófriðartryggingu þessa ná til svo smárra skipa sem brtt. við 1. gr. laganna gerir ráð fyrir, og vill hann ekki breyta núgildandi ákvæðum þar að lútandi. Ritar hann því undir nál. með fyrirvara.

BREYTINGARTILLÖGUR.

Við 1. gr.

- a. Framan við frv. bætist ný grein, er verði 1. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala frv. samkv. því):

Fyrri másl. 1. gr. laganna orðist þannig:

Skylt skal að tryggja fyrir slysum af völdum ófriðar skipshafnir á öllum íslenskum skipum fjögurra rúmlesta (brúttó) og stærri.

- b. Í stað 2. efnismálsgr. 1. gr. frv. komi 2 málsgr., svo hljóðandi:

Tryggingu þá, er um ræðir í 1. málsgr., skal skylt að kaupa hjá Stríðstryggingarfélagi íslenskra skipshafna. Lætur félagið hana í té á eigin ábyrgð, að svo miklu leyti sem því er það fært að dómi félagsstjórnar, en ella með endurtryggingu, sé hún fáanleg. Nú er endurtrygging eigi fáanleg hjá váttryggingarfélagi, og ábyrgist þá ríkissjóður það, sem á kann að vanta fulla tryggingu, gegn iðgjaldi, er ríkisstjórnin ákveður.

Fiskiskip, sem eingöngu stunda fiskveiðar við strendur landsins og sigla ekki milli landa, greiða í iðgjald frá 1. jan. 1941 að telja 4 krónur fyrir hvern tryggðan skipverja á viku, en ríkissjóður greiðir afgang iðgjaldsins. Uppbót (bonus), sem þessum skipum kann að tilfalla, gengur fyrst og fremst til endurgræðslu á framlagi ríkissjóðs.

Alþingi, 27. maí 1941.

Bergur Jónsson, Vilm. Jónsson, Gísli Guðmundsson.
form. fundaskr., frsm.
Garðar Þorsteinsson, Jóhann G. Möller.
með fyrirvara.